

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga vegna athafnasvæðis A3.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 5. júní 2015 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028, sem samþykkt var í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Voga 25. mars 2015.

Athafnasvæði A3 er stækkað úr 11 í 13 ha og hverfisverndað svæði, H1, minnkað um tvo ha. Athafnasvæði verður stækkað til norðurs en hverfisverndaða svæðið verður stækkað í suðurátt milli strandar og athafnasvæðisins.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 5. júní 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2015